

Borgarráð

Hlíðarendi - samkomulag um uppbyggingu

Lagt er til að borgarráð staðfesti fyrirbyggjandi samkomulag um undirbúning, framkvæmdir, áfangaskiptingu og sameiginlega kostnaðarþætti vegna uppbyggingar mannvirkja á Hlíðarendareit, á grundvelli eldri samninga um uppbygginguna. Fyrstu áfangar snúa að lagningu framkvæmdavegs og undirbúnings bygginga á reitum sem eru utan aðflugs NA/SV-brautar Reykjavíkurflugvallar.

Greinargerð

Gert er samkomulag milli Reykjavíkurborgar, Valsmanna hf. og Knattspyrnufélagsins Vals um uppbyggingu mannvirkja á Hlíðarenda. Í samkomulaginu er farið yfir áfangaskiptingu verkefnisins, kostnaðarskiptingu milli aðila og helstu áætlaðar tímasetningar.

Borgarstjóri stofnaði þann 28. apríl 2014 samráðs- og samhæfingarhóp sem í eru aðilar frá öllum samkomulagsaðilum. Samkomulagið er unnið af samráðs- og samhæfingarhópnum og mun nýtast í áframhaldandi vinnu hópsins um uppbyggingu á Hlíðarenda. Borgarlögmaður kom að gerð samkomulagsins og er því samþykktur.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Samkomulag um uppbyggingu á Hlíðarenda